



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. apríl 2014
Tilvísun: 2014040285

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur), 376. mál

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið til umsagnar mál nr. 376 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 3. grein frumvarps (11. gr. laganna) er sagt að hafnarstjórn skal koma upp viðunandi aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í öllum höfnum. Einnig er í 3. gr. frumvarps (11 gr. d laganna) sagt að um meðhöndlun úrgangs, útgáfu starfsleyfa fyrir meðhöndlun hans og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs. Skv. þeim lögum eiga heilbrigðisnefndir að veita starfsleyfi fyrir móttökustöðvar, aðrar en förgunarstaði, og aðra meðferð úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefndir eiga því að veita starfsleyfi fyrir aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa í höfnum sem hafnarstjóri skal koma upp. Skv. 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs eru söfnunar- og móttökustöðvum sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi aðeins heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma. Ekki verður séð að aðstaðan í höfnum geti tekið við öllum þeim spilliefnum sem falla til í skipum né að heimilt sé að taka á móti spilliefnum frá stærri fyrirtækjum. Í frumvarpinu er ekki minnst á hvernig móttaka spilliefna skuli háttað. HER telur nauðsynlegt að taka fram að spilliefnum skulu skilað í spilliefnamóttöku með starfsleyfi fyrir móttöku spilliefna ef um er að ræða stærri fyrirtæki. Á gámastöðvum eða aðstöðu eins og koma á upp í höfnum hefur hingað til ekki verið gefið leyfi til að taka á móti sóttmenguðum úrgangi. HER telur því að það þurfi að taka sérstaklega fram að sóttmenguðum úrgangi skuli skilað í spilliefnamóttöku með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Í 5.gr. frumvarps kemur fram að hafnaryfirvöld skulu sjá til þess að viðeigandi upplýsingar berist Umhverfisstofnun, svo sem tilkynningar um úrgang og farmleifar auk yfirlits yfir magn og tegund þess úrgangs sem skal skilað. Samantekt á framangreindum upplýsingum skal skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. HER telur að upplýsingar um magn og tegund úrgangs og farmleifa sem skal skilað eigi einnig að senda til heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitafélaga. Þessar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir sveitafélög til að halda utan um magn úrgangs sem fellur til í sveitafélaginu þar sem sveitafélög eiga að sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Ólöf Vilbergsdóttir

Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi